

REGLUGERÐ

22

26. jan.

um breyting á reglugerð fyrir nefnd verkalýðsfélaganna á Siglufirði
nr. 42 12. marz 1957.

Í 9. gr. reglugerðarinnar komi: kr. 52.00, kr. 60.00 og kr. 8.00 í stað „kr. 20.00, kr. 25.00 og kr. 4.00“.

Reglugerðarbreyting þessi, sem er samin af úthlutunarnefndinni, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar og lögum nr. 4 20. janúar 1959 um breyting á þeim lögum, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. janúar 1961.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

GJALDSKRÁ

23

2. febr.

fyrir Vatnsveitufélag Grafarness.

1. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem standa á lóð, er liggur að vegi eða opnu svæði, þar sem vatnsæðar liggja, svo og öðrum húsum, er fá vatn leitt úr vatnsveitu félagsins, skal greiða vatnsskatt árlega. og miðast skatturinn við lögskipað fasteignamat á húsum 2% af fasteignamati.

Heimtaugargjald skal greiða kr. 500.00 að viðbættu 1% af fasteignamati hússins.

2. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða sem hér segir:

Fiskiðjuver greiði 1% af fasteignamati húsa og kr. 2.00 fyrir hverja innvegna smálest af fiski til vinnslu.

Róðrabátar frá Grundarfirði greiði kr. 1000.00 fyrir vatn til verbúða og fyrir bát.

Vatn selt til skipa við bryggju kr. 15.00 fyrir tonn, en minnsta gjald er kr. 30.00.

Vatn til steypu, af hverri notaðri sementstunnu kr. 1.00

Fyrir hverja sauðkind, sem slátrað er á staðnum — 0.50

Fyrir hvern stórgrip, sem slátrað er á staðnum — 5.00

Vatn selt um mæli kr. 1.00 fyrir hverja lest allt að 2000 lestum, en af hverri umframlest kr. 0.75.

Fyrir öll önnur vatnsnot, sem ekki eru talin í gjaldskrá þessari, skal greiða eftir samningi við stjórn félagsins.

Náist samkomulag ekki skal almennur félagsfundur ákveða hann, þó þannig að það sé í samræmi við gildandi vatnalög.

23

2. febr.

Húseigandi ábyrgist vatnsskattinn. Heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaukningu nemur, þótt leigan hafi áður verið ákveðin.

3. gr.

4. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. júlí ár hvert fyrir yfirstandandi almanaksár. Félagsstjórn getur samið um annan gjalddaga á vatnsskatti ef þurfa þykir.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og skal hann tryggður með lögveðsrétti í hlutaðeigandi fasteign næstu 2 ár, eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Vatnsveitufélag Grafarness nr. 149 25. júlí 1951.

Félagsmálaráðuneytið, 2. febrúar 1961.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

24

20. febr.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Suðureyrarkauptún, nr. 74 18. maí 1948.

1. gr.

a-liður 22. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Skip og bátar, sem eru eign manna búsettra í Súgandafirði, og gerð út þaðan til fiskveiða og flutninga, svo og önnur skip og bátar, sem gerð eru út frá Suðureyri a. m. k. tveggja mánaða tíma á ári, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, kr. 4.00 af hverri heilli brúttórúmllest skips eða báts. Vélbátar, minni en 5 rúmllestir brúttó, skulu greiða kr. 20.00 í lestagjald á ári.

2. gr.

c-liður 22. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Innlend strandferðaskip og millilandaskip greiða 70 aura fyrir hverja brúttó rúmllest skipsins, í fyrsta skipti ár hvert, er þau koma á Suðureyrarhöfn, en ekkert þótt þau komi oftár á því ári.

3. gr.

d-liður 22. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Önnur skip, sem til hafnarinnar koma, nema þau, sem undanþegin eru hafnar-gjöldum greiða, ef þau hafa samband við land, 80 aura af hverri nettó-rúmllest í hvert skipti. Hálf rúmllest telst sem heil, minna broti skal sleppt.

4. gr.

a-liður 24. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Bátar og skip, 12 brúttórúmllestir og stærri, sem eru eign búsettra manna í Suðureyrarhreppi, greiði kr. 5.00 af hverri brúttórúmllest á ári.